

Lög

um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum (vanþróuðustu ríki heims).

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. 2. mgr. 1. tölul. 1. mgr. fellur brott.
- b. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Af vöru sem flutt er inn og er upprunnin í ríki sem telst til þeirra ríkja heims sem eru skemmst á veg komin í þróun eins og þau eru skilgreind af efnahags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna og í samræmi við skuldbindingar Íslands á vettvangi þeirra. Tollfríðindin ná ekki til vöru sem fellur undir tollskrárnúmer í 2. og 4. kafla og vöruliðum nr. 0603, 1601 og 1602 í tollskrá í viðauka I með lögum þessum. Að höfðu samráði við ráðuneyti er fara með mál er varða sjávarútveg, landbúnað og útflutning er ráðherra heimilt að setja með reglugerð sérstakar upprunareglur sem gildi við innflutning vörunnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 8. júní 2018.